

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 10. júlí 2017
UST201705-184/K.Á.B.
10.04.03

Efni: Deiliskipulagstillaga – Hvammsvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Rangárþings ytra dags. 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Hvammsvirkjun verður um 95 MW. Inntakslón virkjunarinnar Hagalón verður um fjórir ferkílómetrar að stærð en átti í fyrstu að vera 4,7 ferkílómetrar. Stöðvarhús verður að mestu leyti neðanjarðar við norðurenda Skarðsfjalls. Stöðvarhúsið átti upphaflega að vera um 18 m á hæð en verður um 5m á hæð.

Helsta breyting á ásjýnd verður vegna Hagalóns, sem þó verður að mestu í farvegi Þjórsár. Nokkuð gróið land fer undir lónið, en nokkuð ör gróðurframvinda virðist hafa verið næst farvegi árinna vegna hlýnunar og minni flóða í ánni.

Helstu áhrif til lengri tíma gætu orðið vegna tilkomu Hagalóns og er þar helst um að ræða fok og landbrot. Gert er ráð fyrir að breytingar á vatnsborði lónsins verði litlar og þörf fyrir dælingu úr lóninu minni en upphaflega var áætlað. Gerðar verða vöktunar- og aðgerðaáætlanir til að taka á þessum þáttum. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt verði að draga úr sjónrænum áhrifum lónsins með því að byggja upp tanga og eyrar sem ella færu undir vatn.


Umhverfisstofnun vill benda á að hér er um stóra virkjun að ræða í byggð þar sem mannvirki og manngert landslag setja svip á svæðið. Fyrir eru á svæðinu háspennulínur sem nýtast munu virkjuninni. Gert er ráð fyrir vandaðri hönnun og frágangi mannvirkja, en Landsvirkjun hefur lagt mikinn metnað í mannvirkjagerð við þær virkjanir sem nú eru í smíðum, bæði Þeistareykjavirkjun og Búrfell II. Umhverfisstofnun telur að mjög vel hafi til tekist varðandi staðsetningu stöðvarhúss Hvammsvirkjunar og næstu mannvirkja sem verða lítt sýnileg. Hins vegar telur stofnunin að huga mætti betur að staðsetningu tengivirkis vegna mikils umfangs þess mannvirkis.

Viðey sem var friðlýst 2011 vegna sérstaks gróðurfars sem tilkomið er vegna einangrunar eyjarinnar er skammt neðan við fyrirhugaða stíflu. Rennsli mun minnka verulega í þeim


hluta farvegar Þjórsár, en tryggt verður að gróðurframvinda í Viðey verði áfram með sama hætti og hingað til.

Umhverfistofnun telur umrædda deiliskipulagstillögu vandaða og gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri



Björn Stefánsson
Sérfræðingur